

Mál 8
Vinir
gegn
Umb. Neisti

Kæra Vina
Dómkröfur

Kröfur kæranda í málinu er að þeim verði dæmdur 3-0 sigur í leik Vina og Neista Djúpavogi sem fram fór í Boganum á Akureyri laugardaginn 1. júlí 2006. Samkvæmt 1. Tölulið greinar 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Einnig gerir kærandi þá kröfu að kostnaður vegna málsins ef einhver er verði greiddur af kærða.

Málavextir

eru eftirfarandi: Þann 1. Júlí 2006 áttust við í Boganum á Akureyri Íþróttafélagið Vinir og Neisti frá Djúpavogi. Í d-rilðli 3. Deildar Íslandsmótsins í knattspyrnu karla.

Þann 20.06.2006 var á fundi aganefndar Zoran Panic sem er þjálfari og leikmaður Neista Djúpavogi dæmdur í 1 leiks bann vegna brottvísunar sem hann fékk í leik gegn Magna þann 18.06.2006. Zoran Panic er þjálfari Neista, og þrátt fyrir að vera í leikbanni og þar með útilokaður frá þátttöku í leiknum, þá stjórnaði hann liðinu, með köllum inn á völlinn, þar sem hann m.a. ákvað skiptingar varamanna hjá liðinu. Urðu fjölmargir vitni af þessum, m.a. dómari leiksins sem var Marínó Þorsteinsson og hélt Zoran Panic þessu athæfi sínu áfram þrátt fyrir að Marínó hafi sagt honum í hálfleik að hætta þess undir eins. Fór þessi hegðun Zoran Panic ekki framhjá neinum manni í húsinu og er óhætt að segja að nærstöddum hafi misboðið þessi sniðganga hans hjá reglum KSÍ og fyrrgreindum úrskurði aganefndar. Pétur Kristjánsson formaður Vina, kom að máli við Marínó dómara leiksins eftir leikinn til að kvarta yfir þessu og staðfesti Marínó að hafa orðið vitni af þessu og að hafa aðvarað Zoran Panic í hálfleik.

1. Eftirfarandi laga- og reglugerðir eiga við:
 - Grein 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
 - 6. töluliður 8. Gr starfsreglna Aganefndar KSÍ
 - 7. töluliður 8. Gr. starfsreglna Aganefndar KSÍ

Röksemdir

kæranda er vísan í grein 4.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í greininni kemur ótvírætt fram að lið sem notar þjálfara sem er í leikbanni í kappleik, telst hafa tapað viðkomandi leik 0-3.

Hlutverk þjálfara knattspyrnuliðs í kappleik er fyrst og fremst að stjórna innáskiptingum, kalla skipanir og hvatningar til liðs síns og er það einmitt það sem Zoran Panic þjálfari Neista Djúpavogi gerði í leik Vina og Neista Djúpavogi, þann 1. Júlí 2006. Fáir þjálfarar að athafna sig svona þegar þeir eru í leikbanni þá er það algjör markleysa að dæma þjálfara í leikbann.

Þessi lýsing kæranda á hegðun Zoran Panic er ekki hugarburður þeirra og fyrir þessu eru fjölmörg vitni sem eru listuð hér að neðan, þar á meðal er Marínó Þorsteinsson dómari leiksins sem tjáði formanni Vina eftir leik að hann myndi ekki láta svona hegðun líðast og ætlaði að hafa samband við KSÍ vegna málsins. Vitnisburður dómara leiksins í svona máli skiptir öllu máli að mati kæranda.

Björk Nóadóttir, Kristján Sigurólason og Karl Kristinsson voru vitni af því þegar leikmenn Neista gengu til vallar þegar hefja átti seinni hálfleik að Zoran Panic hafi gefið sig á tal við a.m.k. tvo leikmenn Neista, og einnig urðu þau vitni af því ásamt öllum í húsinu að hann kallaði í sífellu á tvo samlanda sína sem léku með Neista. Eru ofangreind vitni reiðubúin að staðfesta þetta fyrir dómi.

Karl Kristinsson varð einnig vitni af því að Zoran Panic hafi hringt í einstakling á varamannabekk Neista og fyrirskipað skiptingu. Er hann reiðubúinn að staðfesta þetta fyrir dómi.

Kæranda langar máli sínu til stuðnings að vísa í dóm knattspyrnudómstóls KSÍ í máli knattspyrnudeildar ÍR gegn Leiftri/ Dalvík frá 9. September 2005 í máli nr. 8/2005. Í dómnum er starfsregla aganefndar nr. 8.6. túlkuð, m.a. með orðalaginu: "Þjálfara er óheimilt að vera þar sem hann getur

verið í tengslum við lið sitt og verður að ætla að með ákvæðinu sé lagt bann við því að þjálfari hafi eða geti haft afskipti af liði sínu á meðan hann tekur út leikbann. Að þjálfara sé óheimilt að vera þar sem hann getur verið í sambandi við liðið verður ekki túlkað með öðrum hætti að verið sé að reyna að koma í veg fyrir öll samskipti milli þjálfara og liðs hans."

Kærendur gera sér grein fyrir því að í Boganum er áhorfendum ómögulegt að vera einhvers staðar

annars staðar en í kallfæri við völlinn, en það réttlætir ekki að mati kæranda að þjálfari í leikbanni geti tekið þátt í leiknum og m.a. stjórnað skiptingum og leik liðs síns og þar með sniðgengið þá refsingu sem hann er dæmdur í vegna brottvísunar.

Gögn

Fylgiskjal 1: Skýrsla Marínós Þorsteinssonar um hina kærðu háttsemi Zoran Panic.

Vitni

máli sínu til stuðnings:
Marínó Þorsteinsson (dómari leiksins)
Róbert Þór Jónasson (annar línuvarða leiksins)
Karl Kristinsson
Björk Nóadóttir
Kristján Sigurólason

Virðingarfyllst,
f.h. Íþróttafélagsins Vína
Halldór Odsson og
Sigurður Freyr Sigurðsson

Greinargerð Neista D.

Umf Neisti vísar kæru Vína algjörleg á bug. Þegar umf Neisti og Vinir áttust við þann 1. júlí 2006 var annar þjálfari Neista, Zoran Panic réttilega í leikbanni og tók ekki þátt í leiknum að neinu leiti. Kröfur kæranda vísa að því að Zoran Panic hafi tekið þátt í leiknum með vísvitandi hætti. Eins og áður hefur komið fram vísunum við því algjörlega frá. Zoran Panic hélt sér allan tímann utan þess svæðis sem að leikmönnum einum er heimilt að fara inn á. Hann hafði engin samskipti við leikmenn bein eða óbein nema kanski að kalla almenn hvatningsorð. Það að hann hafi vísvitandi stjórnað skiptinum með gsm síma er ekki rétt og eru Snjólfur Gunnarsson (kt.220173-5509), og aðrir starfsmenn Neista sem voru á bekknum tilbúnir að votta það ef með þarf. Einnig er Albert Jensson (kt.260767-4379) sem stóð við hiðna á Zoran mest allan leikinn einnig tilbúinn að votta það að enginn samskipti í gegnum gsm síma áttu sér stað sem snéru að leiknum. Aðstoðarþjálfari Neista Snjólfur Gunnarsson hefur algjörlega séð um inná skiptingar og stjórnun liðsins meðan á leik stendur og mun gera það áfram, eins og fram kemur í leikskýrslu þar sem hann er skráður þjálfari. Það að Zoran Panic hafi verið að kalla inn á beinar skiptingar til leikmanna meðan á leiknum stóð er algjör hugarburður kæranda og er algjörlega vísað frá og þar sem þeir segja í kærinni "að þessi hegðun hafi ekki farið framhjá neinum manni í húsinu" er algjörlega óskiljanleg og eru sömu aðilar tilbúnar að votta það. Það að hann hafi verið að hafa samskipti við samlanda sína var eingöngu vegna þessað stunum þarf hann að túlka fyrir þá úrskurð dómara þar sem það á við vegna þess að þessir aðilar, Vinko (kt.110685-3789) og Goran (kt. 200372-2719) eru ekki mælandi á íslenska tungu., og ekki vietti af í þessum tiltekna leik.

Önnu orðaskipti sem hann hafði við leikmenn Neista voru einungis almenn hvatningarorð eins og "koma strákar", "áfram", "berjast", eins og öllum almennum áhorfendum er heimilt. Eins og fram kemur í kræu kæranda hafði dómari leiksins Marínó Þorsteinsson samband við Zoran í hálfleik spurði hann hann af því hvort hann væri í leikbanni og eftir að Zoran hafði játað því, bað hann hann eingöngu um það að halda sig á því svæði sem ætlað er fyrir áhorfendur og hafði dómari ekki frekari afskipti af málinu. Dómari hafði eins og fram kemur í kærinni og fylgiskjal 1, ekki tekið eftir neinu ámælisverðu meðan á leik stóð fyrir en einhver aðili Vína sagði honum að hann teldi að Zoran Panic væri að stjórna liðinu frá áhorfendasvæðinu. Í kærinni vísa kærndur i starfsreglu aganefndar nr. 8.6 þar sem fram kemur m.a. "Þjálfara er óheimilt að vera þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt o.s.fr.. Í þessu tilviki kom Zortan Panic aldrei inná það svæði sem ætlað er fyrir leikmenn eða starfsmenn leiksins, það er óumdeilt. Það að hann hafi verið í samskiptum við leikmenn og stjórnað leiknum er einnig rangt. Í kræunni er vísað í dóm KSÍ frá september 2005 þar sem kærndur telja að hafi ákveðið fordæmisgildi. Þar kemur fram að þjálfari Leiftur Dalvíks átti að hafa haft bein samskipti við lið sitt með því að fara inná starfssvæði leikmanna bæði fyrir leik og í hálfleik, teljum við að vísun í þennan dóm sé ekki sambærileg vegna þess að í þessari kæri fóru annar þjálfari Neista aldrei inn á tiltekið svæði.

Við hjá UMF Neista teljum okkur vera röngum sökum bornir á allan hátt sérstaklega þar sem að öll vitni kæranda eru vensluð liðinu. Einnig finnst okkur undarlegt að í fótobltaleik þar sem að dómari á að vera hlutlaus aðili, að annað liðið (Vinir) þekktu allir dómara með nafni og voru með persónuleg

ummæli við hann út allan leikinn og sjáum við ekki að hvernig við eigum að geta notið sammælis þegar slíkt á sér stað.

Þess vegna vísam við kærinni algjörlega á bug. UMF Neisti vísar á eftirfarandi vitni máli sínu til stuðnings.

Albert Jensson (kt. 260767-4379)

Snjólfur Gunnarsson (kt.220173-5509)

Einar Már Þorgeirsson (kt. 100280-5749)

Virðingarfyllst,
F.h. Umf. Neista
Gunnar Sigvaldason og
Anton Stefánsson

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, miðvikudagur 9. ágúst, er dómping dómstóls KSÍ háð á skrifstofu Ásbjörns Jónssonar Hafnargötu 51-55, Reykjanesbæ, af Ásbirni Jónssyni dómara.

Fyrir er tekið;
Málið nr. 8/ 2006
Vinir
gegn
Umb. Neisti

Lagt er fram

- | | | |
|-----|----|---|
| Nr. | 1, | Kæra dags. 5.júlí 2006. |
| Nr. | 2, | Afrit leikskýrslu v/ leiks Vina og Neista dags. 1. júlí 2006 ásamt yfirlýsingu frá dómara leiksins. |
| Nr. | 3, | Greinargerð Neista dags. 13. júlí 2006. |

Af hálfu sóknaraðila sækir þing á símafund Halldór Oddsson, hao1@hi.is

Af hálfu varnaraðila sækir þing á símafund Anton Stefánsson, neisti@djupivogur .is

Forsvarsmaður sóknaraðila leggur fram:

- Nr. 4. Yfirlýsing frá Björk Nóadóttur ódagsett
- Nr. 5. Yfirlýsing frá Karli Kristinssyni ódagsett
- Nr. 6. Yfirlýsing frá Kristjáni Sigurólasyni ódagsett
- Nr. 7 Yfirlýsing frá Marinó Þorsteinssyni og Halldóri Oddsyni, ódagsett.
- Nr. 8 Yfirlýsing frá Róberti Jónssyni ódagsett.

Forsvarsmaður varnaraðila leggur ekkert fram en áskilur sér rétt til að leggja fram gögn fyrir aðalmeðferð málsins.

Dómari leitar sátta með aðilum án árangurs

Ákveðið er að munnlegur máflutingur fari fram 16. ágúst nk. kl. 12:00, og eru aðilar sammála um að aðalmeðferðin fari fram í gegnum síma á símafundi 755-7755 með lykilorði 5102900.

Aðilar boða vitni.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Dómpingi slitið.

Ár 2006, miðvikudagur 16 ágúst, er dómping dómstóls KSÍ háð á skrifstofu Ásbjörn Jónsson hdl. Hafnargötu 51-55, Reykjanesbæ af Ásbirni Jónssyni dómara.

Fyrir er tekið;
Fyrir er tekið;
Málið nr. 8/ 2006

Vinir
gegn
Umb. Neisti

Skjöl málsins nr. 1-8, liggja frammi.

Af hálfu sóknaraðila sækir þing á símafund Halldór Oddsson, hao1@hi.is
Af hálfu varnaraðila sækir þing á símafund Anton Stefánsson, neisti@djupivogur .is

Dómari málsins leggur fram lista frá aganefnd sem staðfestir að Zoran Panic er úrskurðaður í leikbann.
Forsvarsmenn aðila lýsa gagnaöflun lokið.

Þá er tekin vitnaskýrsla af Marinó Þorsteinssyni dómara leiksins sem staðfesti að hann hefði sent inn skýrslu. Rakti hann málið á þann hátt að þjálfari Neista hafi sent skilaboð inn til leikmanna í leikinn. Aðvaraði hann þjálfarann um að senda inn skilaboð til leikmanna. Í hans huga var hann greinalega að stjórna leik sinna manna.

Þá kemur fyrir Róbert Þór Jónasson, aðstoðardómari. Staðfesti hann skýrslu sem liggur fyrir í málinu nr. 8. Upplýsti hann að í sínum huga hafi Zoran verið að stjórna leiknum.

Þá kemur fyrir Snjólfur Gunnarsson, upplýsti að hann stjórnaði umræddum leik fyrir Umf Neista og var ekki var við innáköll þjálfarans. Taldi hann að Zoran hafi á engan hátt tekið þátt í leiknum.

Munnlegur málflutningur fer nú fram.

Fyrst tekur til máls forsvarsmaður sóknaraðila Halldór Oddsson. Hann gerir sömu kröfur og í kæru á dskj. 1. Forsvarsmaðurinn rekur málavexti, reifar málsástæður og lagarök sóknaraðila, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í úrskurð með venjulegum fyrirvara.

Þá tekur til máls forsvarsmaður varnaraðila Anton Stefánsson . Hann gerir sömu kröfur og í greingerð á dskj. 3. Forsvarsmaðurinn rekur málavexti, reifar málsástæður og lagarök sóknaraðila, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í úrskurð með venjulegum fyrirvara.

Falið frá andsvörum.
Málflytjendur leggja málið í dóm.
Málið er dómtekið.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Dómþingi slitið

Ár 2006, miðvikudaginn 23. ágúst var tekið fyrir hjá Dómstóli KSÍ, málið nr. 8/2006.

Ípróttafélagið Vinir
gegn
Ungmennafélaginu Neisti

og var kveðinn upp svofelldur

dómur:

Kærandi kærir leik liðanna í 3. deild karla D riðli á Íslandsmóti KSÍ sem fram fór þann 1. júlí 2006 kl. 14:00 í Boganum á Akureyri og lauk með sigri Neista með 3 mörkum gegn 2 mörkum Vína.

Dómkröfur kæranda.

Þess er krafist að úrslit leiksins verði ógild og að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum 3-0.

Dómkröfur kærða:

Umf Neisti kerfst sýknu af kröfum kæranda og þar með að úrslit leiksins verði látin standa.

Málavextir, málsástæður og lagarök:

Kærandi byggir málatilbúnað sinn á m.a. á eftirfarandi:

“Þann 1. Júlí 2006 áttust við í Boganum á Akureyri Íþróttafélagið Víniir og Neisti frá Djúpavogi. Í d-rilðli 3. Deildar íslandsmótsins í knattspyrnu karla.

Þann 20.06.2006 var á fundi aganefndar Zoran Panic sem er þjálfari og leikmaður Neista Djúpavogi dæmdur í 1 leiks bann vegna brottvísunar sem hann fékk í leik gegn Magna þann 18.06.2006. Zoran Panic er þjálfari Neista, og þrátt fyrir að vera í leikbanni og þar með útilokaður frá þátttöku í leiknum, þá stjórnaði hann liðinu, með köllum inn á völlinn, þar sem hann m.a. ákvað skiptingar varamanna hjá liðinu. Urðu fjölmargir vitni af þessum, m.a. dómari leiksins sem var Marínó Þorsteinsson og hélt Zoran Panic þessu athæfi sínu áfram þrátt fyrir að Marínó hafi sagt honum í hálfleik að hætta þess undir eins. Fór þessi hegðun Zoran Panic ekki framhjá neinum manni í húsinu og er óhætt að segja að nærstöddum hafi misboðið þessi sniðganga hans hjá reglum KSÍ og fyrrgreindum úrskurði aganefndar. Pétur Kristjánsson formaður Vína, kom að máli við Marínó dómara leiksins eftir leikinn til að kvarta yfir þessu og staðfesti Marínó að hafa orðið vitni af þessu og að hafa aðvarað Zoran Panic í hálfleik.”

Íþróttafélagið Víniir krefst þess að Dómstóll KSÍ taki málið fyrir og breyti úrslitum í leik Vína og Neista í 3-0, samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnu 4.3. grein sem fjallar um ólöglega skipað lið. Málinu til stuðnings fylgja með þessari kæru eintak skýrslu leiksins og athugasemdir dómara leiksins Marínó Þorsteinssonar.

Kærandi vísar til stuðnings kröfum sínum í grein 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 6. tölulið 8. gr starfsreglna Aganefndar KSÍ og til 7. töluliður 8. gr. starfsreglna Aganefndar KSÍ

Kærði byggir málatilbúnað sinn á eftirfarandi:

“Þegar umf Neisti og Víniir áttust við þann 1. júlí 2006 var annar þjálfari Neista, Zoran Panic réttilega í leikbanni og tók ekki þátt í leiknum að neinu leiti. Kröfur kæranda vísa að því að Zoran Panic hafi tekið þátt í leiknum með vísvitandi hætti. Eins og áður hefur komið fram vísnum við því algjörlega frá. Zoran Panic hélt sér allan tímann utan þess svæðis sem að leikmönnum einum er heimilt að fara inn á. Hann hafði engin samskipti við leikmenn bein eða óbein nema kanski að kalla almenn hvatningarorð. Það að hann hafi vísvitandi stjórnað skiptingum með gsm síma er ekki rétt og eru Snjólfur Gunnarsson (kt. 220173-5509), og aðrir starfsmenn Neista sem voru á bekknum tilbúnir að votta það ef með þarf. Einnig er Albert Jensson (kt. 260767-4379) sem stóð við hliðina á Zoran mest allan leikinn einnig tilbúinn að votta það að enginn samskipti í gegnum gsm síma áttu sér stað sem snéru að leiknum. Aðstoðarþjálfari Neista Snjólfur Gunnarsson hefur algjörlega séð um inná skiptingar og stjórnun liðsins meðan á leik stendur og mun gera það áfram, eins og fram kemur á leikskýrslu þar sem hann er skráður þjálfari. Það að Zoran Panic hafi verið að kalla inn á beinar skipanir til leikmanna meðan á leiknum stóð er algjör hugarburður kæranda og er algjörlega vísað frá og þar sem þeir segja í kærinni “að þessi hegðun hafi ekki farið framhjá neinum manni í húsinu” er algjörlega óskiljanleg og eru sömu aðilar tilbúnir að votta það. Það að hann hafi verið að hafa samskipti við samlanda sína var eingöngu vegna þess að stundum þarf hann að túlka fyrir þá úrskurð dómara þar sem það á við vegna þess að þessir aðilar, Vinko (kt. 110685-3789) og Goran (kt. 200372-2719) eru ekki mælandi á íslenska tungu, og ekki veitti af í þessum tiltekna leik.

Önnur orðaskipti sem hann hafði við leikmenn Neista voru einungis almenn hvatningaróp eins og “koma strákar”, “áfram”, “berjast”, eins og öllum almennum áhorfendum er heimilt. Eins og fram kemur í kæru kæranda hafði dómari leiksins Marínó Þorsteinsson samband við Zoran í hálfleik og bað hann um að hætta afskiptum af leiknum. Þegar að Marínó kom að máli við Zoran í hálfleik spurði hann hann af því hvort hann væri í leikbanni og eftir að Zoran hafði játað því, bað hann hann eingöngu um það að halda sig á því svæði sem ætlað er fyrir áhorfendur og hafði dómariinn ekki frekari afskipti af málinu. Dómariinn hafði eins og fram kemur í kærinni og fylgiskjali 1, ekki tekið eftir

neinu ámæli verðu meðan á leik stóð fyrir en einhver aðili Vína sagði honum að hann teldi að Zoran Panic væri að stjórna liðinu frá áhorfendasvæðinu.

Í kærinni vísa kærendur í starfsreglu aganefndar nr. 8.6 þar sem fram kemur m.a. "Þjálfara er óheimilt að vera þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt o.s.fr.". Í þessu tilviki kom Zoran Panic aldrei inná það svæði sem ætlað er fyrir leikmenn eða starfsmenn leiksins, það er óumdeilt. Það að hann hafi verið í samskiptum við leikmenn og stjórnað leiknum er einnig rangt.

Í kærinni er vísað í dóm KSÍ frá september 2005 þar sem kærendur telja að hafi ákveðið fordæmisgildi. Þar kemur fram að þjálfari Leiftur Dalvíks átti að hafa haft bein samskipti við lið sitt með því að fara inn á starfssvæði leikmanna bæði fyrir leik og í hálfleik, teljum við að vísun í þennan dóm sé ekki sambærileg vegna þess að í þessari kærni fór annar þjálfari Neista aldrei inn á tiltekið svæði. Við hjá U.M.F Neista teljum okkur vera röngum sökum bornir á allan hátt sérstaklega þar sem að öll vitni kæranda eru vensluð liðinu. Einnig finnst okkur undarlegt að í fótboltaleik þar sem að dómari á að vera hlutlaus aðili, að annað liðið (Vínir) þekktu allir dómaramann með nafni og voru með persónuleg ummæli við hann út allan leikinn og sjáum við ekki að hvernig við eigum að geta notið sammælis þegar slíkt á sér stað."

Undir rekstur málsins voru teknar skýrslur af vitnunum. Fyrst var tekin vitnaskýrsla af Marinó Þorsteinsson dómara leiksins. Staðfesti hann að hann hefði sent inn skýrslu með þeim athugasemdum að hann væri vitni að því að þjálfari Neista Zoran Panic væri að stýra liði sínu frá áhorfendastæðinu. Þá upplýsti hann að hann hefði aðvarað þjálfarann um að senda inn skilaboða til leikmanna. Staðfesti vitnið að í hans huga hafi Zoran Panic greinilega verið að stjórna liði sínu í leiknum.

Þá var tekin skýrsla af aðstoðardómaranum Róberti Þór Jónassyni. Staðfesti hann yfirlýsingu sem liggur fyrir í málinu merkt nr.8. Upplýsti hann að í sínum huga hafi Zoran stjórnað leik sinna manna í leiknum.

Að lokum var tekin skýrsla af Snjólfí Gunnarssyni sem upplýsti að hann hafi stjórnaði umræddum leik leikmanna sinna í UMF Neista og var ekki var við innáköll þjálfarans. Taldi hann að Zoran hafi á engan hátt tekið þátt í leiknum.

Þá liggja fyrir í málinu yfirlýsingar frá Björk Nóadóttur ódagsett, yfirlýsing frá Karli Kristinssyni ódagsett og yfirlýsing frá Kristjáni Sigurólasyni ódagsett um þátttöku Zorans Panic í leiknum með köllum inn á völlinn.

Kærði taldi ekki ástæðu til að láta taka skýrslu af Zoran Panic.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af framansögðu er málið nú tekið til úrskurðar og kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Óumdeilt er að þjálfarinn Zoran Panic þjálfari UMF Neista var í leikbanni í hinum kærða leik Íþróttafélagsins Vína og Ungmennafélagsins Neista sem fram fór þann 1. júlí s.l. kl. 14:00 í Boganum á Akureyri. Fyrir liggur að Zoran Panic mætti á ofangreindan leikstað og hafði í frammi köll til leikmanna liðsins. Staðfest er með yfirlýsingu og skýrslutöku fyrir dómnum að dómari leiksins Marinó Þorsteinsson aðvarar Zoran Panic í leikhléi. Þá upplýsti vitnið að þjálfarinn Zoran Panic hafi haldið áfram köllum til leikmanna sinna og með því stýrt leikmönnum í leiknum. Þá staðfesti aðstoðardómari leiksins Róbert Þór Jónsson framburð Marinós.

Í starfsreglum aganefndar grein 8.6. kemur fram að þjálfari sem tekur út leikbann og mætir á leikstað má ekki vera í neinum tengslum við lið sitt frá klukkustund fyrir leik og þar til dómaramann hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Ljóst er að þjálfara sem er í leikbanni er óheimilt að vera þar sem hann getur verið í sambandi við leikmenn. Ákvæði þetta hefur verið þannig túlkað af dómstóli KSÍ með þeim hætti að verið sé að reyna að koma í veg fyrir öll samskipti á milli þjálfara og liðs hans. Það er mat dómsins að með háttsemi sinni hafi Zoran Panic gerst brotlegur við þessa grein og skipti ekki máli hvaða fyrirmæli hann hafi sent til leikmanna. Háttsemi Zoran Panic varðar við nefnda gein 4.3. og telst lið Ungmennafélagsins Neista þannig hafa verið ólöglega skipað í áðurnefndum leik.

Kröfur kæranda eru því teknar til greina í samræmi við skýrt orðalag í grein 4.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í samræmi við grein 4.3 í sömu reglugerð telst leikur málsaðila tapaður hinu kærða félagi með markatölunni 3-0, en hann fór fram þann 1. júlí s.l.

Ekki þykir ástæða til að dæma Ungmennafélagið Neista til greiðslu sektar.

Úrskurðarorð:

Leikur milli Íþróttafélagsins Vína og Ungmennafélagsins Neista í 3. deild karla d –riðli á Íslandsmóti KSÍ sem fram fór hinn 1. júlí 2006 telst tapaður Ungmennafélagi Neista með markatölunni 3- 0.

Þannig fram farið
Reykjavík 23. ágúst 2006
f.h. Dómstóls KSÍ

Ásbjörn Jónsson